

# Nú flokkum við í fjóra flokka!

*Leiðbeiningar til íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi*



Ljósmynd: Sigurður Jónsson



## Nýtt samræmt flokkunarkerfi

Nú hefjum við í Eyja- og Miklaholtshreppi innleiðingu á nýju samræmdu flokkunarkerfi í takt við breytingar á lögum meðhöndlun úrgangs. Fjórir úrgangsflokkar eiga nú að vera við hvert heimili:

Pappír og pappi

Matarleifar

Plast

Blandaður úrgangur

Öðrum flokkum sem til falla má skila á grenndarstöðvar eða gámasvæði. Allar tunnur verða endurmerktar með samræmdum flokkunarkerkingum.

Dagana 25.- 27. september nk. mun nýju 360 ltr ílátí fyrir plast verða dreift til íbúa sem og jarðgerðarlátí fyrir matarleifar.

### Tíðni losana:

Bl. úrgangur	240 ltr tunna	losað á 4 vikna fresti
Plast	360 ltr tunna	losað á 8 vikna fresti
Pappír og pappi	660 ltr tunna	losað á 8 vikna fresti

## Grenndarstöðvar


Sett verður upp ein grenndarstöð til söfnunar á málmum, gleri og textíl við Björgunarsveitarhúsið í Kolviðarneslandi.

**Málmur:** Litlir og hreinir málmhlutir eins og niðursuðudósir, krukkulok og sprittkertakoppar.

**Gler:** Hrein ílát og flöskur úr gleri. Tappar og krukkulok mega ekki fara með gleri heldur skal flokka með plasti og málmí eftir því sem við á.

**Textíll:** Allur textíll eins og fatnaður, lín og efnisbútar.

# Pappír & pappi



Til að hægt sé að endurvinna pappaubúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Dagblöð	Bylgjupappi
Tímarit	Fernur
Umslög	Umbúðir úr sléttum pappi
Minnismiðar	Morgunkornspakkar
Bækur án harðkápu	Pappahólkar
Skrifstofupappír	Pizzakassar
Annar prentpappír	Eggjabakkar



## Má ekki fara

Óhreinar umbúðir, handþurrkur, servíettur eða munþurrkur, bökunarpappír, pakkabönd, möppur, bókakápur.

# Plast



Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi.

Plastpokar	Áleggsbréf
Plastbakkar	Plastfilma
Hreinsiefnabrusar	Plastlok
Skyrdósir	Plasttappar



## Má ekki fara

Óhreinar umbúðir, leikföng með rafhlöðum, raftæki, geisladiskar, tannburstar, plastmöppur, frauðplast, lyfjaspjöld, umbúðir undan spilliefnum.

## Matarleifar



Matarleifar falla til í eldhúsum heimila. Upplýsingar um notkun jarðgerðaríláts eru í bæklingi sem fylgir með ílátinu. Matarleifum er umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.

Ávextir	Pasta
Grænmeti	Kartöflur
Brauð	Eggjaskurn
Kaffikorgur	Tannstönglar
Kjöt- og fiskafgangar	Servíettur

### **Má ekki fara**

Bleyjur, sláturúrgangur, fuglshamir, stór bein, dýrasaur, kattasandur, ryksugupokar, eyrnapinnar.

## Blandaður úrgangur



Óhreinar umbúðir og annað óendurvinnanlegt.

Bleyjur	Kattasandur
Tyggjó	Dýrasaur
Ryksugupokar	Eyrnapinnar
Bökunarpappír	Bómullarhnoðrar
Stór bein	

### **Má ekki fara**

Spilliefni, raftæki, rafhlöður.

Frekari flokkunarleiðbeiningar og upplýsingar um innleiðingu á flokkunarkerfinu má finna á vefsíðu sveitarfélagsins [www.eyjaogmikla.is](http://www.eyjaogmikla.is)